

Fundur ungmennaráðs 08.10.2015 kl. 20:00

Mætt: Aníta Rut Gunnarsdóttir (ARG), Eva Rós Sveinsdóttir (ERS), Fríður Finna Sigurðardóttir (FFS), Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS), Hulda María Valgeirsdóttir (HMV), Edda Anika Einarsdóttir (EAE).

Forföll: Jón Egill Hafsteinsson.

Gestur í lið 1: Heiður Dögg Sigmarsdóttir (HDS).

1. Mál tengd upplýsingaráði.
 - a. Samfélagsmiðlar.
 - i. Instagram: ungmennaráð fær aðgang að instagrami skátanna. Verkefni: setja like á allar myndir þar sem skátarnir eru taggaðir, samþykkja alla sem followa og followa þá til baka.
 - ii. Snapchat: meiri vinna, ungmennaráð þyrfti þá að taka það algjörlega að sér. Það þyrfti þá helst allavega einn fulltrúi ungmennaráðs vera á hverjum viðburði. HDS kynnir drög að verklagsreglum varðandi snapchat – eins konar samstarfssamningi á milli ungmennaráðs og upplýsingaráðs.
 - b. Ungir talsmenn: HDS óskar eftir aðkomu ungmennaráðs að skipulagningu námskeiðsins Ungir talsmenn sem fyrirhugað er í janúar (15.-17.). Viðburður til að þjálfa ungt fólk til að koma fram sem talsmenn hreyfingarinnar. Áætlað að finna þarna kandiðata fyrir Young Spokesperson á vegum WOSM. HMV og EAE hafa áhuga á að vera með.
 - c. Skátablaðið: kemur út í nóvember (miðast við skil á efni 10. nóvember). Það er verið að leita að fólki í teymið. HDS óskar eftir tillögum ungmennaráðs að einhverjum góðum fréttapésa, einnig ef þeim dettur eitthvað skemmtilegt efni í hug fyrir blaðið. Til dæmis gæti komið eitthvað frá RUS.
2. Rödd ungra skáta.
 - a. Skráning & kynningarmál: Búið að opna fyrir skráningu – 1 skráður eins og er. ERS gerir drög að bréfi fyrir félagsforingja/stjórnir – leggja áherslu á að þetta gæti verið vítamínsprauta fyrir þennan aldur, gulrót fyrir foringja o.s.frv.
 - b. „Einkenni“ – allir fá minnisbók til að hafa um helgina – athuga með að merkja hana? ERS kannar verð og möguleika.
 - c. Stór veggspjöld með ýmsum spurningum hanga uppi alla helgina þar sem fólk getur skrifað punkta.
 - d. Dagskrá:
 - i. Föstudagur:
 1. 20:00 – húsið opnar.
 2. Fólk kemur sér fyrir, hafa spil og „kaffihúsakósí“. Kvöldkakó, swiss miss og kertaljós.
 3. 22:30 – Setning. 5-10 mínútur í formlegheit. Búið að raða kertum til að mynda stafina RUS – fólk fer svo og kveikir á einu kerti þar til stafirnir sjást. Ungmennaráð býður fólk velkomið, kynnir dagskrána og veggspjöldin, hvetja fólk til að tjá sig, útskýra markmið helgarinnar, auglýsa að það verði vettvangur til að vinna að samstarfsverkefnum.
 4. Blöðruleikur & Facebook prófíll (**Edda**-útgáfa).
 5. Kósístemning frameftir kvöldi.

ii. Laugardagur:

1. Morgunverk frjáls.
2. 10:00 – stórleikur. **Aníta**
3. 13:00 – umræðuhópar. **Hulda & Jón Egill**
4. 15:00 – brjóta upp.
5. 15:30 – umræðuhópar.
6. 17:30-19:00 – (ör)kynningar frá hópum og samtökum. **Edda (muna ungmennaping)**
7. 19:00-20:30 – eldamennska & kvöldmatur.
8. 21:07 – sund. ERS kannar hvað það kostar að fá Bjarnalaug (væri jafnvel hægt að vera með tónlist).
9. Kóseeehh.

iii. Sunnudagur:

1. 10:00 – **Edda** stýrir morgunleikfimi.
2. 10:30 – vinnuhópar. **Aníta**
3. 12:00 – hádegishlé.
4. 13:00 – kynningar frá þátttakendum.
5. Frágangur.
6. 14:30 – slit.

e. Hver og einn vinnur í sínu (sem er í bold), kemur með tillögur og startar umræðum. Mikilvægt að vera búin að vinna þetta áfram svo við getum fínþússað næst.

3. Vinnufundur stjórnar og ráða.

- a. Stefnumótunarfundur.
- b. FFS kynnir markmið fundarins.
- c. Ráðið eindregið hvatt til að mæta og kynna sér stefnumótunargögnin.

4. Önnur mál.

- a. Næsti fundur: 21. október kl. 20:00.
- b. Adventure scouts: byrjar næsta mánudag.

Fundi slitið kl. 22:15.